

# Hvers vegna að þjálfra algengustu orðin?

Hugmyndir til að þjálfra algengustu orðin í íslensku

Í öllum tungumálum skipa algeng orð stóran sess í öllu rituðu máli, sömu orðin koma aftur og aftur fyrir í texta, s.s. og, ekki, sagði, er, var. Danir skilgreina 120 orð sem algengustu orð í þeirra máli, og finnst mikilvægt að þjálfra þau markvisst í skólanum. Mikilvægt er að læra að bera kennsl á þessi orð - sem orðmyndir – (að geta kallað þau hratt fram úr minninu) svo að lesandinn geti notað orkuna til að lesa (umskrá) og skilja önnur orð í texta. Mikilvægt er að barnið fari ekki að hljóða eða stafa sig í gegnum þessi orð heldur læri að þekkja orðmyndir. Til að koma í veg fyrir að barnið reyni að umskrá/stafa orð á hinn fullorðni, sem er að hjálpa barninu, að benda á orðið og segir orðið upphátt.

Í Byrjendalæsi er orðalisti sem inniheldur 130 – 140 algengustu íslensku orðin. Fyrir neðan má sjá dæmi um hvernig þekking á algengum orðum getur hjálpað lesanda. Algengustu orðin eru merkt gul til að sýna hve mörg orð í textanum eru algeng orð, sem barnið ætti að geta kallað sjálfvirkt fram, án þess að umskrá.

## Mábbi 2. Bryndís Guðmundsdóttir, 1992. bls. 7

Ég skal ná í fisk handa þér, sagði Mábba.

Hún flaug út á sjó.

Hún flaug langt út á fjörð.

Hún flaug út í Skrúð.

**13/25 = 52%**

## Kata og vofan. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, 2005. – bls. 19 – Þyngdarflokkur 2

Kata segir ömmu

að hún sé að leita

Að bók um vofu.

Þær hlæja meira saman

og amma segir Kötu sögu.

Hún segir Kötu sögu um vofu.


**13/27 = 48%**

## Hvernig er hægt að æfa algengustu orðin?

### NÁMSGÖGN

Til að þjálfra algeng orð er mikilvægt að búa til eftirfarandi gögn

- Eitt orð á spjaldi
- 3 orð á spjaldi, ekki sömu orðin, t.d. *og*, *að*, *sem*, skrifuð lóðrétt.
- **Teppi/dúk** (þarf að útbúa, ekki til á íslensku) með öllum orðunum sjá betur á <http://shop.time2learn.dk/home/23-120-mest-brugte-ord.html> (Hægt er að skrifa orðin á plastdúk, sem hægt er að kaupa í metratáli, t.d. í Rúmfatalagernum. Ekki er nauðsynlegt að skrifa öll 140 orðin á sama dúkin, það má skipta þeim upp í þyngdarstig, 1 – 3 teppi/dúka).



### LEIKIR – ÞJÁLFUN

1. FLOKKAÐU kortin í nokkra bunka (eins og röðin er á algengustu orðunum), eftir þyngdarstigi. Barnið æfir einn bunka í einu, eða 5 – 10 orð, allt eftir getu barnsins.
2. ÆFA 5 ORÐ: Foreldri/kennari tekur 5 - 10 orð/spjöld og les orðin á spjöldunum fyrir barnið. Síðan á barnið að endurtaka lesturinn. Spjöldunum er svo ruglað og athugað hve mörg orð barnið getur lesið/þekkir, ef barnið les eitthvað orð rangt segir hinn fullorðni orðið og barnið prófar aftur.
3. ÆFA: Æfið 5 – 10 orð í einu og bætið við 5 orðum þegar barnið hefur náð að þekkja hin orðin 90% - 100%.
4. LESA – FINNA: Barnið dregur orð og les og finnur samsvarandi orð á orðateppinu og leggur orðið ofan á.
5. FELUKEIKUR: orðaspjöldunum er dreift út um kennslustofuna/heimilið; í eldhúsinu, í ganginum, á bókasafninu, meira segja er hægt að hengja orðin með klemmu upp í tré (fyrir þá sem þurfa að hreyfa sig mikið). Leikurinn snýst um að finna orðin og leggja orð á réttan reit á orðateppinu. *Fyrir kappsfulla einstaklinga má taka tímann, eða gefa ákveðinn tíma til að leysa verkefnið.*
6. RITUN: Foreldri/kennari les upp eitt og eitt orð sem barnið á að skrifa (eitt orð á hvert spjald). Fullorðin einstaklingurinn athuga hvort orðið er rétt stafsett, ef það er rétt, leggur barnið orðið, sem það skrifaði, á orðateppið. Ef orðið er rangt skrifað, er orðið (spjaldið) sett aftast í bunkann og foreldrið/kennarinn les það aftur, þegar kemur að því í bunkanum.

7. FELULEIKUR - ÞRIGGAJA ORÐA SPJALD: Foreldri/kennari leggur 3 spjöld (með þremur orðum á = 9 orð) á einhvern stað í húsinu borð (eldhúsborð, í sófa, uppi í tré) og biður barnið að ná í spjaldið með ákveðnu orði t.d. „með“. Barnið á að finna spjaldið, sækja það og benda á viðkomandi orð þegar það kemur til baka. Hægt er að nota fleiri spjöld, allt eftir getu og hve langt barnið er komið í að æfa þessi algengu orð.
8. SAMSTÆÐUSPIL: Búin eru til tvö sett af hverju orði (10 – 20 orð, allt eftir getu barnsins). Spilið samstæðuspil, snúið tveimur spjöldum við og lesið orðið um leið. Sá/sú vinnur sem fær fleiri samstæður☺.
9. RUSLAFÖTULEIKUR: Setjið fötu/box 2 – 3 metra frá „vinnusvæðinu“, barnið dregur orð, les orðið og kastar orðinu ofan í fötuna/boxið.
10. FINNA ORÐ: (Nota 3ja orða spjöld) Fullorðinn einstaklingur les nú eitt orð af spjaldi og barnið á að benda á orðið. Barnið á svo að lesa orðin hratt. Ef barnið getur ekki lesið orðin, les hinn fullorðni orðin og barnið prófar aftur að lesa.
11. TEXTI – LITA ORÐ: Finnið stuttan texta í blaði eða tímariti. Barnið á að merkja/lita öll orðin sem það er búíð að læra. Barnið reynir að gera þetta eins hratt og það getur. Að lokum athugar hinn fullorðni hve mörg orð barnið þekkti og hvort það slegpti einhverjum orðum. *Fyrir kappsfull börn má taka tímann, eða gefa þeim ákveðinn tíma til að vinna verkefnið.*
12. RITUN: Sá fullorðni dregur orð og les upp, barnið á að skrifa orðið (hægt að skrifa á pappírsörk, stílabók, í tölvunni, spjaldtölvunni). Barnið athugar, með því að fá orðaspjaldið hjá hinum fullorðna, hvort orðið er rétt skrifað. Ef orðið er rétt skrifað heldur barnið viðkomandi orðaspjaldi og sá fullorðni les næsta orð. Ef orðið er rangt skrifað setur barnið X yfir orðið sem það skrifaði eða merkir það með lit í tölvunni/spjaldtölvunni og orðaspjaldið fer neðst í bunkann hjá hinum fullorðna.
13. SÓKNARSKRIFT:
  - a. Leggið nokkur orð á borð (undir borð, á stól, á sófa, á grasið) = Orðasvæði.
  - b. Setjið pappír og skriffæri á annað borð. Það má líka nota tölvu/spjaldtölvu til að skrifa á/í = Ritunarsvæði.
  - c. Barnið les eitt orð á „orðasvæðinu“ og hleypur að „ritunarsvæðinu“ og skrifar orðið. Hinn fullorðni athugar hve mörg orð voru skrifuð rétt.
  - d. Ef orð er rangt skrifað kíkir barnið aftur á orðið og skrifar það rétt.

